

# ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR  
SÍDUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 588 7690 og 892 1529  
Netfang: [ottar@iec.is](mailto:ottar@iec.is)

Skipulagsstofnun,  
Borgartúni 7b,  
105 Reykjavík.

8. janúar 2021.

Sent á netfang:  
[landsskipulag@skipulag.is](mailto:landsskipulag@skipulag.is)

**Efni: Athugasemdir við tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og umhverfismat, umhverfisviðmið og tilgreinda umhverfisvísa.** Vísast til tilkynninga á heimasíðu Skipulagsstofnunar 13. og 18. nóvember 2020.

Athugaemdirnar eru gerðar fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagsins Laxinn lifi, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélags Vesturdalsár, Veiðifélags Selár, Atla Árdal Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í Ísafjarðardjúpi, Veiðifélags Laxár á Ásum og veiðiréttarhafa Haffjarðarár í Hnappadal.

Athugaemdirnar eru gerðar með sérstöku tilliti til hins nýja viðauka um gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði, en einnig til fyrirætlana um forgang strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum. Augljóslega er ástæða þessa flýtis og sérstaka forgangs varðandi þessi strandsvæði vegna hins gifurlega þrýstings og yfirlangs erlendra laxeldisrisa til að leggja undir sig sem flestar mögulegar ókeypis strandsvæðaaðlindir þjóðarinnar með tilheyrandi mengun umhverfisins (hver 10.000 tonn í laxeldi í opnum sjókvíum skilar í hafið úrgangi sem samsvarar skolpfrárennsli frá 160.000 manna byggð). Ennfremur eru athugemdirnar gerðar með tilliti til þess, hversu lítið er gert til að hamla gegn yfirvofandi eyðileggingu villtra laxfiskastofna landsins af völdum erfðablöndunar strokfiska af norskum eldisstofni, lúsaþárs og sjúkdómasmitun, að ekki sé minnst á eyðingu uppeldissvæða nytjafiska og losun lúsaæiturs í opinн sjó.

Bent er á, að stjórnvöld og stjórnsýslustofnanir hafa ekki haft í heiðri m.a. ákvæði í 1. gr. fiskeldislagi nr. 71/2008, sem fjallar um að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna og koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífriki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slika stofna. Þá segir þar einnig að gaëta beri þess við framkvæmd fiskeldislaganna, að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Sama gildir um ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sérstaklega markmiðsákvæði 1. gr. og varúðarreglu 9. gr. (að náttúran skuli njóta vafans). Stjórnsýslustofnanir landsins blása á þessi lagafyrirmæli.

## **Athugasemdir varðandi umhverfisviðmið Landsskipulagsstefnu.**

Í inngangskafla á bls. 71-74 er fjallað um að til grundvallar umhverfismati áætlana hafi verið skilgreind tiltekin umhverfisviðmið, sem byggja m.a. á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Á bls. 73 er síðan sett fram tafla um hvernig „valin“ umhverfisviðmið samsvara tilgreindum heimsmarkmiðum SÞ og Evrópska landslagssamningnum (ELS).

Hér vantart tilfinnanlega umhverfisviðmiðin: 1. Ástand hafsins, 2. Villtir laxfiskar.

Þá vantart á nokkrum stöðum viðmerkingu eftirfarandi „valdra“ umhverfisviðmiða í viðkomandi heimsmarkmiðsreiti:

Dýr	Viðmerkingu vantar í reiti 8 og 17.
Liffr. fjölbreytni	Viðmerkingu vantar í reiti 8 og 17.
Eignir	Viðmerkingu vantar í reit 17.
Landslag	Viðmerkingu vantar í reiti 8, 14 og 17.
Ástand hafsins	Viðmerking á að vera í reitum 8, 14, og 17.
Villtir laxfiskar	Viðmerking á að vera í reitum 6, 8, 14 og 17.

## **Athugasemdir varðandi umhverfisvísa.**

Á bls. 74 er listi með „tilteknum umhverfisvísum“.

Hér vantart tilfinnanlega eftirfarandi umhverfisvísa: 1. Erfðablöndun laxfiska, 2. Sníkjudýr, meindýr.

Þá vantart á nokkrum stöðum viðmerkingu eftirfarandi „tiltekinna umhverfisvísa“ í viðkomandi heimsmarkmiðsreiti:

Ástand sjávar	Viðmerkingu vantar í reiti 8 og 17.
Fráveita	Viðmerkingu vantar í reiti 8, 14 og 17.
Líffræðileg fjölbreytni	Viðmerkingu vantar í reiti 8, 14 og 17.
Sjúkdómar	Viðmerkingu vantar í reiti 8, 14 og 17.
Úrgangsmeðhöndlun	Viðmerkingu vantar í reiti 8, 14 og 17.
Erfðablöndun laxfiska	Viðmerking á að vera í reitum 8, 14 og 17.
Sníkjudýr, meindýr	Viðmerking á að vera í reitum 8, 14 og 17.

Farið er fram á, að ofangreindar athugasemdir verði teknar til greina og viðkomandi kaflar lagfærðir til samræmis.

Loks er bent á að athugasemdafrestur til 8. janúar 2021 nær ekki fyrirskipuðum 8 vikna athugaemdafresti skv. 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. einnig 2. mgr. 6. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Ber því að auglýsa viðaukatillöguna á ný.

Virðingarfyllst,  
f. h. aðila að þessum athugasemdum

  
Óttar Yngvason